

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Vatnsveitu Hveragerðis, nr. 118/2011.

1. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir notkunargjald fyrir vatn sem er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, sbr. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjaldið er miðað við notkun mælda í rúmmetrum.

Notkunargjald í Hveragerði er kr. 16 pr. rúmmetra vatns.

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu auk þess greiða leigu sem innheimt er árlega vegna notkunarmæla. Mælaleiga er:

Mælaleiga fyrir minni en 50 mm, kr. 9.260.

Mælaleiga fyrir stærri en 50 mm, kr. 36.310.

2. gr.

Samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar 14. desember 2023, sbr. 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 14. desember 2023.

Geir Sveinsson bæjarstjóri.